

Fundargerð öryggisráðs AKÍS

Fundur haldinn 9. febrúar 2022 kl. 20.00 á Zoom.

Mætt; Aðalsteinn Símonarson, Elsa Kristín Sigurðardóttir og Jón Bjarni Jónsson.

Fjarverandi; Erla Sigurðardóttir, Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Ari Halldór Hjaltason.

1. Öryggisáætlun

Rætt um hvernig sniðmát að öryggisáætlun verði best sett upp svo hún nýstist sem flestum.

Ákveðið að byggja á drögum sem send voru á keppnishaldara 2020 en jafnframt að kalla eftir hugmyndum frá þeim sem sinntu starfi öryggisfulltrúa 2021. AS mun fá skrifstofu AKÍS til að senda út fyrirspurnina.

2. Námskeið fyrir öryggisfulltrúa

Formaður AKÍS hefur óskað eftir að ráðið haldi námskeið fyrir öryggisfulltrúa fyrir næsta keppnistímabil.

Samþykkt að halda námskeiðið rafrænt og með aðstoð frá AKÍS varðandi tæknimál og útsendingu.

3. Úttektir á brautasvæðum

Samþykkt að senda fyrirspurn á stjórn AKÍS um hvernig úttektum á brautarsvæðum verður háttað fyrir keppnistímabilið 2022.

4. Önnur mál

- Í Safety bulletin frá FIA nr. 1 2021 var aðildarfélögum boðið að fá eða kaupa „Impact Data Recorder (IDR)“. Ákveðið var að óska eftir því við skrifstofu AKÍS að leitað verði leiða til að fá til að byrja með 20 stk. til að nota í keppnistækjum hérlendis.

Næsti tímasetti fundur 9. mars 2022 kl. 20 á Zoom.

Fundi slitið kl. 21.07

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson